

Stjórn Foreldrafélags Naustaskóla

Fundur haldinn 29. apríl, mættar Áshildur, Claudia, Fanney, Martha, Valgý, Vaka og Sigríður sem ritar fundargerð.

1. Áshildur fer yfir stöðu á reikningi félagsins og eru heimtur á félagsgjöldum nokkuð góðar. Ræddum hvernig peningarnir skuli notaðir bæði til kaupa og styrkja viðburði og einnig til kaupa á tækjabúnaði. Þurfum að heyra frá kennurum en ein hugmyndin var að kaupa tölvu með klippibúnaði oph til stuttmyndagerðar og þetta með viðburðina er í skoðun.
2. Ræddum um að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur til Akureyrar, en Samtaka eru áhugasöm um að gera þetta í samstarfi við skólaskrifstofuna. Meiningin er þá að hún haldi fyrirlestra fyrir foreldra og námskeið fyrir kennara, en hún hefur mikið fjallað um einelti og lausnir og margt mjög fróðlegt og áhugavert. Hugmyndin er að fá hana strax í haust í upphafi skólaárs og myndi Samtaka þá að mestu standa straum af kostnaði, en Claudia og Martha sem fulltrúar í Samtaka og Áshildur í skólanefnd taka að sér að halda þessu gangandi.
3. Ræddum fyrirkomulagið með bekkjarkvöldin og er hugmyndin sú að foreldrastarf fyrir veturinn verði skipulagt á aðalfundi félagsins. Verði foreldrum þá skipt niður í hópa eftir aldri barnanna og verði þá settar á blað hugmyndir hvað skal gert og kerfi til að boða til viðburðanna, en þeir skulu vera 3 sinnum á vetri.
4. Að lokum ræddum við þá tillögu að leikskólinn fái aukið pláss inní skólanum. Við setjum stórt spurningamerki við þetta, með tilliti til hönnunar skólans og einnig skólalóðar. Ljóst er að skýra þarf hvaðan fjármagnið er tekið við breytingarnar og hvernig skólalóðin á að bera þetta. Martha Lilja tók að sér að setja saman ályktun sem við munum senda frá okkur.

Fundi slitið;-)